

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eldisstöðin Íspór hf Ölfusi



Dags eftirlits	18.7.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Eldisstöðin Íspór hf	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Nesbraut 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660509-0380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sverrir Valdemarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Örn Jakobsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik er opið en Útstremisbókhaldi ársins 2021 hefur enn ekki borist.

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirliti ársins. Snýr að Útstremisbókhaldi ársins 2022 sem enn hefur ekki borist.

Þrjár ábendingar voru gerðar:

- um að senda Umhverfisstofnun uppfærðan lista yfir olíugeyma á starfssvæðinu,
- um að senda stofnuninni uppfærðar áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni,
- um að senda stofnuninni umsögn / samþykki heilbrigðisnefndar fyrir fyrirkomulagi útrásar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. greinar reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Eldisstöðvar Íspórs ehf., kt. 660509-0380 að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 4. mars 2021 og gildir til 4. mars 2037. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1800 tonn.

Lóðirnar Nesvegur 23 – 27 eru deiliskipulagðar og gert ráð fyrir fiskeldi á lóðunum. Deiliskipulag lóðanna var samþykkt í bæjarstjórn sveitafélagsins Ölfuss þann 30. nóvember 2020.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru stöðvarstjóri og aðstoðarstöðvarstjóri fiskeldis Arnarlax (Íspórs) í Þorlákshöfn, Tinna Jónsdóttir verkefnastjóri auðlindaeftirlits Orkustofnunar og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnunar.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar kynnt
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða 2023
- Nýtingarleyfi Orkustofnunar
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Rekstraraðili fór yfir stöðu rekstursins og hefur reksturinn gengið ágætlega. Á síðasta ári voru framleidd um 540 tonn af laxaseiðum og er það sambærilegt við árið á undan (550 tonn). Afföll voru 147 tonn, nokkuð mikil m.a. vegna sýkinga (costia o.fl.) og smoltunarvandamála. Fóðurnotkun síðasta árs var um 764 tonn og var fóðurstuðull 1,28, sjá grænt bókhald og ársyfirlit fyrir 2022. Alls var losað 6161 kg af fosfór á árinu og losun því 9 kg á framleitt tonn sem er í sátt við losunarmörk í starfsleyfi (10 kg/tonn af lífsmassaaukninga á ári).

Krafa um hreinsun í frárennsli er ekki í nýju starfsleyfi nema ekki sé hægt að halda losunarmörkin. Eldisvatn er tekið úr borholum ofan og neðan stöðvar, en notkun er breytileg enda lífmassi í stöðinni breytilegur eftir mánuðum en mestur í maí -júní.

Flokkun og skráning úrgangs er með ágætum. Samningur er kominn á við Arctic Protein í Noregi um móttöku á meltu (dauðfisk).

Engin óhöpp urðu á síðasta ári í meðferð olíu né hættulegra efna. Engar kvartanir bárust vegna athafna rekstraraðila. Þrjú frávik komu fram í eftirliti síðasta árs. Ársyfirlit 2021 og Grænt bókhald 2021 bárust seint, en þeim frávikum hefur verið lokað. Útstremisbókhald ársins 2021 hefur enn ekki borist og er það frávik enn opið.

Olíugeymar félagsins hafa verið skráðir og upplýsingar sendar eftirlitsaðila. Rekstraraðili ætlar að senda uppfærðan lista enda hafa orðið breytingar og skipt hefur verið um tengilið vegna olíugeyma. Umhverfisstofnun deilir gögnum um olíugeyma með heilbrigðisnefnd Suðurlands.

2. Skoðaðar voru skriflegar áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar (sjá gr. 1.5), viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa (sjá gr. 2.5), neyðaráætlun (sjá gr. 1.5) og áætlun um meðhöndlun úrgangs (sjá gr. 3.10). Rekstraraðili ætlar að fara yfir og uppfæra áætlanirnar. Farið fram á að afrit af uppfærðum áætlunum séu sendar til stofnunarinnar. Það eykur á skýrleika að hafa útgáfunúmer og dagsetningu á áætlunum sem fyrir eiga að liggja í stöðinni.

Í starfsleyfinu er krafa um sýnatökur og mælingar, bæði í inntaki eldisvatns og eins í útrás eldisvatns. Allar mælingar eru að skila sér í ársyfirliti rekstraraðila og losunarmörk eru haldin.

Skýrslur sem berast skulu til Umhverfisstofnunar eru ársyfirlit, grænt bókhald og útstreymisbókhald. Skiladagur er 1. maí vegna gagna frá árinu á undan.

Í reglugerð um útstreymisbókhald nr. 990/2008 kemur fram að þar sem framleiðslugeta í þéttbæru lagareldi er 1000 tonn á ári skal skila útstreymisbókhaldi. Í viðauka II í reglugerðinni kemur fram að viðmiðunargildi fyrir losun heildarfosfórs í vatn (sjó) er 5000 kg og því hefði stöðin átt að skila útstreymisbókhaldi vegna síðasta árs fyrir 1. maí sl. Útstreymisbókhald vegna ársins 2022 hefur ekki borist og er það því frávik frá kröfum sem gerðar eru.

Rekstraraðili telur að vegna landfræðilegra ástæðna sé ógjörningur að leggja frárennslislagnir minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumumörkum eins og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 kveður á um. Heilbrigðisnefnd getur samkvæmt 7. mgr. í 9. grein reglugerðarinnar og að kröfu rekstraraðila, þar sem landfræðilegar aðstæður bjóða ekki upp á fulla lengd frárennslislagna lagt til (samþykkt) aðrar lausnir. Óskað er efir afriti af undanþágu Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis fyrir fullri lengd frárennslislagna.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

Lyf og spilliefni eru geymd á fullnægjandi hátt og varúðarmerkingar til staðar.

Samantekt á skráningum rekstraraðila berast eftirlitsaðila með ársyfirliti. Skráningar eru gerðar í Sharepoint, Excel, EQS forrit og eins er reikningum verktaka vegna losunar á úrgangslátum notaðir við samantektina.

3. Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ólíklegt er að olíumengun finnist í jörðu á lóð rekstraraðila í því magni að skráning í gagnagrunn stofnunarinnar sé þörf.

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með fulltrúa rekstraraðila. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag á eftirliti stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2024).

5. Tinna Jónsdóttir starfsmaður Orkustofnunar fór nú yfir þær kröfur sem nýtingarleyfi krefst af rekstraraðilum. Tinna gekk síðan um stöðina og hnitsetti vatnstökuholur.

6. Gengið var um stöðina og skoðaðar efnageymslur, olíumannvirki / vararafstöðvar og ekki gerðar athugasemdir. Gengið var að báðum frárennslirásum.

Engar kvartanir vegna stöðvarinnar hafa borist og engin óhöpp orðið í meðferð efnavöru og olíu.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

Upplýsingum (Útstreymisbókhaldi) ber að skila fyrir 1. maí fyrir hvert almanaksár á undan. Gögnum vegna ársins 2022 hefur ekki verið skilað.



## ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar:

1. um að senda Umhverfisstofnun uppfærðan lista yfir olíugeyma á starfssvæðinu,
2. um að senda stofnuninni uppfærðar áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni,
3. að senda stofnuninni umsögn / samþykki heilbrigðisnefndar fyrir fyrirkomulagi útrásar.

## ANNAÐ

Tinna Jónsdóttir starfsmaður frá Orkustofnun var með í för og fór yfir kröfur nýtingarleyfis sem er frá 26. maí 2015 (OS-2015-L006-01)

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.09.2023

Gottskálk Friðgeirsson

